

Hafnarfjörður 18. febrúar 2016

Til Bæjarráðs Garðabæjar

Erindi: Umsókn um lóð fyrir garðplöntusölu

Ég heiti Marín Ásmundsdóttir og er garðyrkjufræðingur í Garðyrkjustöðinni Storð við Dalveg í Kópavogi. Nú er ég að leita að landi sem myndi henta fyrir plöntusölu og því leita ég til ykkar núna. Landið gæti verið 1/2 - 1 hektari að stærð, þyrfti helst að snúa í suður og vera í þokkalegu skjóli. Hugmyndin er að vera með garðplöntusölu, allavega til að byrja með, en ekki eiginlega ræktun þar sem það kostar flóknar byggingar og meiri fjárráð. Starfsemin væri frá vori til hausts eða jóla, með möguleika á að selja skreytingar fyrir jólin. Salan myndi ná allt frá sumarblómum og grænmetisplöntum til runna og stærri trjáa. Gróðrarstöðin Storð við Dalveg flytur starfsemi sína austur í Laugarás í Bláskógabyggð í haust og mun útvega plöntur fyrir söluna. Umhverfið verður snyrtilegt og aðlaðandi og verður eitt hús á staðnum til að byrja með sem hýsir afgreiðslu og kaffistofu.

Um mig:

Ég bý í Hafnarfirðinum en sótti nám í Garðabæinn þar sem ég útskrifaðist sem stúdent frá FG árið 1994. Á einhverjum tímapunkti var ég í björgunarsveitinni á staðnum. Afi minn og amma ráku garðyrkjustöðina Sólvang í Fossvogi fyrir margt löngu og hef ég hugsað mér að nefna mína stöð Sólvang. Foreldrar mínir ráku Blómabúðina Dögg í Hafnarfirði í tuttugu og fimm ár og starfaði ég þar lengi. Síðar kláraði ég Listaháskóla Íslands og nú síðast Landbúnaðarháskólann.

Virðingarfyllst,

Marín Ásmundsdóttir

211272- 5469

sími 6919787